

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 21. febrúar 2019 kl. 9:30, en þetta var 68. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Eyjólfur Þ. Haraldsson, Runólfur Pálsson, Reynir Tómas Geirsson og Magnús Jóhannsson, en sá síðastnefndi ritaði fundargerð. Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar, var fjarverandi.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (10. janúar 2019) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan

a) Orð og heiti sem tengjast „blóðstorkubáttum“ (15 færslur). Þessi listi hafði verið sendur fundarmönnum fyrir fundinn. Farið var yfir listann á fundinum og gerðar fáeinar breytingar og viðbætur. Taka þarf afstöðu til þess hvort „th“ á ensku skuli ritað „t“ eða „þ“; t.d. „trombín“ eða „þrombín“, en ákvörðun um þetta atriði var frestað. Þetta verður síðan birt í Orðabankanum innan skamms.

b) Stutt kynning á stöðu mála varðandi fjórða líffærafræðiheftið en vinna við það heldur áfram í samvinnu við Hannes Petersen. Kynnt var áætlun um kaflaskiptingu og innihald væntanlegs heftis um taugakerfið.

Farið var yfir færslur fyrir heilahimnur (20 færslur) og mænu (32 færslur).

3. Önnur mál

Óformleg umræða um ýmis verkefni.

4. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 28. mars 2019, kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:35.